

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna nýrra svæða fyrir verslun og þjónustu og stækkunar frístundabyggðar.

Skipulagsstofnun staðfesti 2. september 2024 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 3. júní 2024.

Í breytingunni felst stækkun á frístundabyggð F32. Við það verða efnistökusvæði E26 og E27 felld út. Skilgreind verða tvö ný verslunar- og þjónustusvæði, VP48 og VP49, en F33 fellur út úr skipulagi. Landbúnaðarsvæði minnkar sem þessu nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 2. september 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 16. september 2024